



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um yfirferð á ferlum vegna eineltis og ofbeldis

Á fundi borgarráðs, 13. október 2022, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að fara kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti og ofbeldi. Markmiðið er að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Í framhaldi er óskað eftir yfirliti um stöðu mála.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Áætlun gegn einelti

Skv. grunnskólalögum er hver skóli með áætlun gegn einelti og skýrt ferli og viðbragðsáætlun þar um. Skóla- og frístundasvið kallar eftir þessum upplýsingum frá skólunum á hverju ári í gegnum starfsáætlanir grunnskóla sem eru síðan samþykktar af skóla- og frístundaráði. Áætlun gegn einelti er undantekningalaust aðgengileg á heimasíðum skólanna.

Í þessum áætlunum kemur skýrt fram hvert á að tilkynna grun um einelti og eru upplýsingar skráðar á viðeigandi eyðublað. Viðbragðsáætlanir og úrvinnsluferli skólanna byggja síðan á gátlista vegna eineltis sem er aðgengilegur á heimasíðu Reykjavíkurborgar (<https://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>) og eru mál unnin af eða í samráði við teymi innan skólans sem vinnur með þessi mál.

Vinsamlegt samfélag

Til viðbótar við þetta má nefna að hjá skóla- og frístundasviði er starfandi sérstakt teymi um vinsamlegt samfélag. Hlutverk þessa teymis er að minna reglulega á gátlistann vegna eineltis, halda utan um tölfraði vegna tilkynntra eineltismála og stuðla að því að starfsstaðir sviðsins nýti árlegan *Dag gegn einelti* til að efla félagsfærni og vináttu barna á öllum aldri.

Forvarnir

Skóla- og frístundasvið er nú í vegferð að innleiða Réttindaskóla, Réttindafrístundaheimili og Réttindafélagsmiðstöð UNICEF inn í allar sínar starfsstöðvar en samkvæmt rannsóknum hefur slík innleiðing haft þau áhrif að einelti og ofbeldi í skólum minnkaði (<https://www.unicef.is/rettindaskoli>). Einnig er fjölbreytt fræðsla um samskipti og félagsfærni í boði hjá öllum skólum borgarinnar, s.s. frá sérfræðingum á skóla- og frístundasviði, KVAN,



SAFT, Geðhjálp og fleirum og þá hefur þróunarsjóður menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* einnig sett á oddinn að styrkja sérstaklega verkefni sem snúa að eflingu félagsfærni, sjálfseflingu og heilbrigði. Margir skólar leggja áherslu á heilsueflandi skólastarf og starfa samkvæmt forskrift embættis landlæknis um *Heilsueflandi skóla*.

Skóla- og frístundasvið telur að verkferlar um viðbrögð gegn einelti og ofbeldi séu almennt skýrir en alltaf er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir framkvæmdinni og samfélagsbreytingum og með verkefninu Betri borg fyrir börn sé komin leið til að tryggja að viðeigandi eftirfylgd sé í hverjum og einum borgarhluta.